

-Samstarfssamningur-

Dalabyggð, kt. 510694-2019 f.h. Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns og hjúkrunarheimilið Fellsendi kt. 520169-6019 gera með sér svofelldan samning um samstarf Silfurtúns og Fellsenda.

1 gr.

Silfurtún og Fellsendi hafa með sé samstarf um bakvaktir hjúkrunarfræðinga þannig að hjúkrunarfræðingur á Silfurtúni tekur bakvaktir 16-24 virka daga aðra hverja viku. Hjúkrunarfræðingur á Silfurtúni tekur aldrei bakvaktir á hátíðisdögum né almennum frídögum. Þessir dagar eru; Skírdagur, Föstudagurinn langi, Annar í páskum, Sumardagurinn fyrsti, Uppstigningardagur, Annar í hvítasunnu, 17. júní, Frídagur verslunarmanna, Jóladagur, Annar í jólum og Nýársdagur.

Gert er ráð fyrir því að Fellsendi beri 2/3 af kostnaðinum og Silfurtún 1/3 þegar samnýting er á bakvöktum á virkum dögum.

Þegar samnýting er á bakvöktum um helgar greiðir Silfurtún ½ af kostnaði við bakvakt viðkomandi hjúkrunarfræðings.

2 gr

Hvort heimili greiðir sínum starfsmönnum fyrir bakvaktir. Sama gildir um yfirvinnu vegna útkalla á bakvakt sem og aksturskostnað vegna útkalla. Hvort heimilið fyrir sig sendi síðan hinu heimilinu reikning fyrir þess hlut af útlögðum kostnaði vegna bakvakta, fyrir útköll og bílakostnað ef það á við. Greiðslur fara eftir ráðningarsamningi þess hjúkrunarfræðings sem tekur að sér vaktina á hverjum tíma. Reikningar eru sendir út árfjórðungslega.

3 gr.

Komi til þess að hjúkrunarfræðingaur verði falið að sjá um bakvaktir um nætur verður gerður viðaukasamkomulag við þennan samning

4 gr.

Aðilar hafa með sér formlegt samráð á sex mánaða fresti og eftir atvikum endurskoðun ákvæði samningsins.

5 gr.

Samningur þessi gildi frá 1.apríl 2021 til 31. desember 2021. Sé samningnum ekki sagt upp framlengist hann til eins árs í senn. Hvor aðili um sig getur sagt upp samningnum með fjögurra mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Uppsögnin skal vera skrifleg.

Búðardalur 5. apríl 2021

F.h. Dalabyggðar

F.h. Fellsenda

Kristján Sturluson

Með fyrirvara um samþykki ?????

Helga Garðarsdóttir

Með fyrirvara um samþykki stjórnar